

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur um biðtíma eftir sjúkrabíl og sjúkraflugi.

1. *Hver var meðalbiðtími eftir sjúkrabíl í hverju heilbrigðisumdæmi á tímabilinu 2017–2022, sundurliðað eftir árum og flokkað eftir F1-, F2-, F3- og F4-útköllum?*

Svör við þessari fyrirspurn byggjast á upplýsingum úr skráningarkerfi Neyðarlínunnar. Á þeim sex árum sem fyrirspurnin nær til eru skráðar 317.849 hreyfingar á sjúkrabílum, af þeim eru 55.796 með einhverja skráningargalla þannig að ekki er hægt að reikna biðtíma.

Forgangi sjúkrabíla er skipt í fjóra flokka, F1 til F4, þar sem F1 er hæsti forgangur en F4 sá lægsti. Öll erindi sem berast 112 eru greind í Forgang 1–4 samkvæmt greiningarferlum neyðarvarða. Fyrir útkall sjúkrabíla gilda eftirfarandi skilgreiningar í boðunarkerfi Neyðarlínunnar:

- **Forgangur 1** er aðgerð sem er metin sem lífsógn og í efsta forgangi. Sjúkrabíll og/eða annað björgunarlið er sent í forgangsakstri, t.d. aðgerð þar sem allt tiltækt björgunarlið kemur að, stóreldur, fjöldaslys eða einstaklingsslys með alvarlegum áverkum.
- **Forgangur 2** er aðgerð sem er metin í næstefsta forgang. Sjúkrabíll og/eða annað björgunarlið er sent í forgangsakstri en í atburði án lífsógnar.
- **Forgangur 3** er aðgerð sem er metin til afgreiðslu strax en án forgangs. Aðeins viðeigandi björgunarlið er kallað til. Þetta er staðbundin aðgerð sem krefst hvorki forgangs né fjölda manns.
- **Forgangur 4** er aðgerð sem má fara í biðröð annarra verkefna hjá verkefnastjóra á varðstofu. Aðgerðin hefur hugsanlega ákveðin tímamörk, svo sem flutningur milli sjúkrastofnana vegna rannsókna eða aðgerða.

Heilbrigðisstofnanir heilbrigðisumdæma bera ábyrgð á sjúkraflutningum með sjúkrabílum. Ýmist sinna stofnanirnar flutningunum sjálfar eða útvista framkvæmdinni til slökkviliða í gegnum samninga við Sjúkratryggingar Íslands eða slökkvilið sveitarfélaga. Breyting varð á sjúkrabílaþjónustu í heilbrigðisumdæmi heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á tímabilinu sem spurt er um þar sem Brunavarnir Suðurnesja tóku við þjónustu í Grindavík frá 2021. Fram að því eru því gefnir upp aðskildir viðbragðstímar.

Í svarinu er gert ráð fyrir að þingmaður eigi við tímann á milli þess að samband næst við Neyðarlínu og að viðbragð mætir á staðinn sem biðtíma. Meðalbiðtími er gefin upp í mínútum í öllum tilvikum.

Meðaltalstími frá sambandi við neyðarlínu að „á staðnum“					
Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
HSS	6,42	7,3	12,34	54,57	20,21
2017	5,75	6,45	11,30	54,75	19,74
2018	2,66	6,77	11,73	53,08	18,85
2019	6,98	7,52	11,51	52,17	19,00
2020	7,00	6,42	11,71	61,02	23,53
2021	6,48	8,91	12,77	60,73	21,43
2022	6,73	7,68	13,62	59,32	19,00
Grindavík	8,07	9,07	12,62	28,61	13,46
2017	7,56	5,60	11,91	27,59	12,3
2018	8,78	9,80	11,56	41,23	14,8
2019	7,64	10,22	13,44	23,24	13,44
2020	8,21	10,83	13,75	20,49	13,04
HSA	13,01	14,27	17,42	57,12	27,46
2017	12,83	15,3	17,58	54,61	28,4
2018	10,46	13,29	15,00	50,13	25,23
2019	10,58	13,06	15,29	61,15	27,45
2020	14,29	11,83	16,91	65,59	28,52
2021	16,02	15,51	18,10	56,61	27,75
2022	13,84	16,63	20,00	57,73	27,53
HSN og Akureyri	10,75	7,65	19,52	47,82	22,28
2017	7,66	10,57	10,8	42,35	19,88
2018	8,33	11,88	15,01	44,99	21,05
2019	9,39	11,90	15,51	55,12	24,44
2020	12,18	13,72	17,71	52,02	25,95
2021	12,59	15,02	17,79	60,92	22,59
2022	14,13	14,59	16,51	32,68	20,11
HSU	14,94	15,29	20,81	64,98	25,92
2017	14,32	15,27	20,59	55,20	24,19
2018	13,37	9,71	19,46	65,15	25,32
2019	18,58	17,56	20,77	69,16	27,54
2020	17,21	17,77	20,67	52,36	24,84
2021	13,77	16,80	20,97	74,69	26,89
2022	13,04	15,80	22,08	77,51	26,63
HVE	12,54	14,36	15,99	45,02	22,48
2017	12,27	13,41	14,51	45,01	24,23
2018	12,93	14,81	14,64	44,76	24,01
2019	11,49	14,23	14,26	44,68	22,80
2020	10,84	16,17	16,40	41,03	23,62
2021	12,08	12,65	16,57	42,79	22,94
2022	12,15	15,26	18,09	50,35	22,30
HVEST	14,41	16,1	21,66	44,49	27,14
2017	16,33	19,47	22,75	40,95	27,31
2018	18,98	20,25	19,65	33,86	24,76
2019	12,54	17,29	23,90	41,78	27,4
2020	13,01	15,60	25,29	42,52	27,44
2021	18,58	5,19	19,28	40,37	22,73
2022	16,89	17,94	20,48	65,14	31,86

Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
Höfuðborgarsvæðið	8,77	9,44	17,94	57,83	33,52
2017	8,33	8,46	45,96	55,86	32,77
2018	8,21	8,74	16,06	54,50	31,12
2019	8,52	9,29	16,81	56,56	32,61
2020	9,54	10,47	17,93	54,16	32,78
2021	9,21	10,38	18,33	59,49	35,80
2022	8,82	9,21	20,19	65,06	34,84

2. Hver var lengsti biðtími eftir sjúkrabíl í hverju heilbrigðisumdæmi á tímabilinu 2017–2022, sundurliðað eftir árum og flokkað eftir F1-, F2-, F3- og F4-útköllum?

Eins og fram kemur í skilgreiningum á forgangsflokkunum er forgangur F4 „aðgerð sem má fara í biðröð annarra verkefna hjá verkefnastjóra á varðstofu. Aðgerðin hefur hugsanlega ákveðin tímamörk, svo sem flutningur milli sjúkrastofnana vegna rannsókna eða aðgerða.“ Hámarksbiðtími er því mjög óáreiðanlegur mælikvarði til að meta þjónustu þar sem í sumum tilvikum er pantaður sjúkraflutningur með eins til tveggja sólarhringa fyrirvara.

Þjónustusvæði heilbrigðisstofnana eru mjög misstór og eru mjög mismunandi landfræðilega. Þannig getur hámarkstími ráðist mjög af staðsetningu innhringjanda óháð viðbragðsflýti þjónustuaðila.

Hámarkstími frá sambandi við neyðarlínu að „á staðnum“					
Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
HSS	93,67	142,45	134,13	467,75	467,75
2017	62,48	38,33	87,05	326,12	326,12
2018	33,12	59,15	120,95	352,47	352,47
2019	93,67	102,83	60,67	467,75	467,75
2020	74,03	70,18	69,08	240,90	240,90
2021	34,18	142,45	116,20	243,48	243,48
2022	52,03	90,05	134,13	225,27	225,27
Grindavík	36,25	82,78	80,25	72,03	82,78
2017	20,00	27,28	35,32	72,03	72,03
2018	36,25	40,75	40,23	27,17	40,75
2019	21,37	82,78	80,25	66,35	82,78
2020	16,78	26,65	72,85	41,72	72,85
HSA	205,65	109,53	229,63	682,23	682,23
2017	65,93	109,53	107,05	327,93	327,93
2018	69,12	92,90	78,53	295,58	295,58
2019	59,25	60,63	145,05	183,97	183,97
2020	160,28	108,15	162,53	247,67	247,67
2021	199,38	103,87	222,72	355,85	355,85
2022	205,65	91,92	229,63	682,23	682,23
HSN og Akureyri	451,82	435,93	371,02	714,75	714,75
2017	116,10	92,72	180,83	347,83	347,83
2018	217,48	105,37	170,08	340,48	340,48
2019	113,02	88,62	120,38	235,25	235,25
2020	175,90	98,00	283,10	310,92	310,92
2021	80,83	176,63	371,02	714,75	714,75
2022	451,82	435,93	222,52	691,80	691,80

Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
HSU	498,62	363,20	465,47	635,23	635,23
2017	113,77	115,53	168,58	306,87	306,87
2018	132,85	234,07	179,98	402,87	402,87
2019	498,62	127,35	396,35	635,23	635,23
2020	185,35	94,52	209,75	252,85	252,85
2021	92,18	363,20	361,58	394,15	394,15
2022	89,55	146,00	465,47	317,78	465,47
HVE	147,42	195,87	188,32	631,85	631,85
2017	62,27	158,42	145,82	621,88	621,88
2018	107,10	107,75	101,35	308,00	308,00
2019	147,42	73,57	165,53	404,93	404,93
2020	52,73	195,87	138,98	402,18	402,18
2021	63,85	148,88	188,32	591,13	591,13
2022	86,13	134,22	129,48	631,85	631,85
HVEST	92,10	99,00	135,63	193,47	193,47
2017	82,92	65,20	45,12	193,47	193,47
2018	71,35	83,35	135,63	120,58	135,63
2019	89,93	89,00	90,15	93,63	93,63
2020	66,23	89,63	104,43	100,58	104,43
2021	72,67	78,22	109,28	59,60	109,28
2022	92,10	99,00	81,02	70,90	99,00
Höfuðborgarsvæðið	553,47	697,93	493,05	708,12	708,12
2017	139,63	84,73	77,98	645,80	645,80
2018	553,47	353,90	190,00	387,03	553,47
2019	376,25	484,87	203,82	683,15	683,15
2020	126,93	247,55	134,65	683,87	683,87
2021	268,55	697,93	493,05	708,12	708,12
2022	328,55	386,70	282,30	698,33	698,33

3. Hver var meðalbiðtími eftir sjúkraflugi í hverju heilbrigðisumdæmi á tímabilinu 2017–2022, sundurliðað eftir árum?

Tveir þjónustuaðilar sinna sjúkraflugi á Íslandi, annars vegar Mýflug sem er með bæki-stöðvar á Akureyri og hins vegar Landhelgisgæsla Íslands sem er með bæki-stöðvar í Reykjavík. Þjónusta Mýflugs fer fram með sjúkraflugvél en þjónusta Landhelgisgæslunnar með þyrllu. Drægni og flughraði þessara tveggja tegunda loftfara er mjög mismunandi og því ber að varast beinan samanburð á þeim þáttum.

Forgangi sjúkraflugs er skipt í fjóra flokka, F1 til F4, þar sem F1 er hæsti forgangur en F4 sá lægsti. Öll erindi sem berast 112 eru greind í Forgang 1–4 samkvæmt greiningarferlum neyðarvarða. Fyrir útkall sjúkraflugs Mýflugs gilda eftirfarandi skilgreiningar.

- **Forgangur 1** Útkallstími eins stuttur og hægt er. Útkall tekið fram fyrir önnur útköll. Fluglæknir alltaf með.
- **Forgangur 2** Útkallstími innan við 35 mínútur ef hægt er. Fluglæknir með nema annað sé tekið fram.
- **Forgangur 3** Útkallstími allt upp í 6 klst. en strax ef hægt er. Fluglæknir með ef óskað er eftir því sérstaklega.
- **Forgangur 4** Tímasetning eftir samkomulagi. Fluglæknir með ef óskað er eftir því sérstaklega.

Fyrir þjónustu Landhelgisgæslunnar er skilgreindur hámarkstími fyrir F1 útkall 60 mínútur.

Meðaltalstími frá sambandi við neyðarlínu að „á staðnum“					
Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
LHG	56,82	61,61			
2017	61,64	30,78			
2018	38,98	45,25	112,35	45,18	45,44
2019	32,11	54,03			
2020	74,33	30,8	113,84		
2021	61,44	73,12	72,12		
2022	64,68	77,65			
Mýflug	74,38	96,25	137,06	218,14	126,56
2017	78,63	101,99	136,27	226,69	129,13
2018	76,76	99,35	143,86	223,48	133,44
2019	73,37	82,41	121,39	213,07	125,43
2020	77,41	111,71	147,08	232,17	133,12
2021	74,26	79,88	126,06	191,92	112,37
2022	63,85	102,2	149,57	224,14	127,04

4. Hver var lengsti biðtími eftir sjúkraflugi í hverju heilbrigðisumdæmi á tímabilinu 2017–2022, sundurliðað eftir árum?

Eins og fram kemur í skilgreiningum í forgangsflokkunum F4 „Tímasetning eftir samkomulagi.“ Hámarksbiðtími er því mjög óáreiðanlegur mælikvarði til að meta þjónustu þar sem í sumum tilvikum er pantaður sjúkraflutningur með einhverra sólarhringa fyrirvara.

Hámarkstími frá sambandi við neyðarlínu að „á staðnum“					
Forgangur	F1	F2	F3	F4	Vegið meðaltal
LHG	357,48	265,27	204,37	112,00	357,48
2017	175,95	78,47			175,95
2018	115,00	104,75	112,18	112,00	115,00
2019	81,40	98,93	100,00		100,00
2020	95,48	84,13	133,53		133,53
2021	357,48	247,87	204,37		357,48
2022	239,20	265,27		10,80	265,27
Mýflug	546,05	565,12	636,33	1.453,12	1.453,12
2017	222,12	443,15	498,45	678,68	678,68
2018	546,05	460,72	629,18	715,25	715,25
2019	400,02	302,58	600,50	1.453,12	1.453,12
2020	192,15	561,62	545,80	715,90	715,90
2021	186,58	355,68	636,33	655,92	655,92
2022	243,20	565,12	576,68	691,30	691,30